

Sciacca gegn Ítalíu

Dómur frá 11. janúar 2005

Mál nr. 50774/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Myndataka í tengslum við opinbera rannsókn. Dreifing mynda.

1. Málsvik

Kærandi, Carmela Sciacca, er ítalskur ríkisborgari, fædd 1948. Hún var kennari við einkaskóla sem átti fyrirtæki sem hún og aðrir kennarar skólans tengdust. Í kjölfar opinberrar rannsóknar á stjórnarháttum innan skólans var kærandi ákærð fyrir glæpsamlegt samsæri, skattsvik og skjalafals. Við rannsókn málsins útbjuggu skattrannsóknarmenn skýrslu um hana sem innihélt m.a. ljósmynd af henni og fingraför.

Eftir blaðamannafund 4. desember 1998 sem saksóknari og skattrannsóknarstjóri héldu, birtu tvö dagblöð greinar um ástæður ákærunnar. Með greininni fylgdu myndir af þeim fjórum konum sem höfðu verið handteknar og var kærandi ein þeirra. Myndin af kæranda, sem var birt fjórum sinnum, var sú sem skattrannsóknarmennirnir höfðu notað í skýrslunni og höfðu þeir dreift myndinni til fjölmiðla.

Kærandi var sakfelld fyrir þau brot sem hún var ákærð fyrir. Hún var dæmd til eins árs og tíu mánaða fangelsisvistar og sektuð um 300 evrur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. þegar myndinni af henni var dreift á blaðamannafundinum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ljósmyndinni, sem tekin var í þeim tilgangi að setja í opinbera skýrslu, hafði verið dreift til fjölmiðla af skattrannsóknarmönnum. Engin löggjöf gildi um myndatöku af grunuðum brotamönnum og dreifingu þeirra til fjölmiðla, heldur var um að ræða svið þar sem venja hafði myndast.

Talið var að dreifing myndarinnar til fjölmiðla hefði falið í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs kæranda. Þar sem ekki var mælt fyrir um takmörkunina í lögum skv. 2. mgr. 8. gr. komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Talið var að niðurstaðan sjálf fæli í sér nægilegar bætur til kæranda vegna miska en kæranda voru dæmdar 3.500 evrur á grundvelli 41. gr. fyrir útlögðum kostnaði.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku)